



## Fundargerð

|                     |                                                                                                                                |                   |               |
|---------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|---------------|
| <b>Boðandi</b>      | Jón Baldur Lorange                                                                                                             | <b>Dagsetning</b> | 9.1.2026      |
| <b>Ritari</b>       | Ingibjörg Guðmundsdóttir                                                                                                       | <b>Tími</b>       | 11:00 – 11:47 |
| <b>Staðsetning</b>  | TEAMS                                                                                                                          | <b>Málsnúmer</b>  | MAR25030003   |
| <b>Þátttakendur</b> | Gunnar Guðmundsson formaður, Kjartan Dige Baldursson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Jón Baldur Lorange og Ingibjörg Guðmundsdóttir |                   |               |

### 124. stjórnarfundur Fiskeldissjóðs

#### Dagskrá:

#### 1. Formaður segir frá fundi með Kolbeini Árnasyni

##### skrifstofustjóra auðlinda í atvinnuvegaráðuneytinu

Fundur Gunnars og Jóns Baldurs með Kolbeini þar sem var farið yfir breytingar á skilyrðum til umsókna í framhaldi af fundum með sveitarfélögum og er það til að koma til móts við sveitarfélögin.

Á fundinum var farið yfir stöðu Fiskeldissjóðs og verkefni framundan

#### 2. Frágangur á nýjum skilyrðum um styrkveitingar og áherslum vegna umsóknarársins 2026.

Minnisblað er tilbúið til kynningar fyrir ráðherra varðandi ný skilyrði um styrkveitingar.

Farið var yfir minnisblaðið og minniháttar breytingar gerðar á því.

#### 3. Tímalína umsóknaferils 2026.

Samþykkt er að setja auglýsingu á vefinn með nauðsynlegum upplýsingum þannig að sveitarfélög geti farið að undirbúa sig. Sveitarfélögin fá einnig tölvupóst með þessum upplýsingum. Stefnt er að auglýsing fari á vef og til sveitarfélaga nk. fimmtudaginn 15. janúar. Stefnt er að umsóknarfrestur á umsóknum 2026 verði 16. febrúar 2026.

#### 4. Fundaráætlun fyrri hluta ársins 2026.

Fundað verður í stjórn Fiskeldissjóðs eftir þörfum. Næsti fundur ákveðin 14. janúar nk. kl. 13:00

#### 5. Önnur mál.

Lokaskýrsla frá Fjarðabyggð varðandi Leikskólann Dalborg á Eskifirði samþykkt af stjórninni.

Bókað er að ársskýrsla Fiskeldissjóðs verður ekki útbúin í ár. Jón Baldur mun senda Inga upplýsingar um það

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:47